

# ÚTHLUTUN UPPBÝGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA

## 2023



# TAKTU ÞÁTT Í NÝRRI SÓKN

Í ár er níunda árið sem við veitum styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra, en Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem er hluti af Sóknaráætlun Norðurlands eystra og hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætluninni.

Í stuttu máli má segja að sóknaráætlanir landshluta séu stefna landshlutanna til framtíðar. Sóknaráætlanir hafa þannig það að markmiði að auka samkeppnishæfni, treysta stoðir menningar og stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun. Landshlutasamtök sveitarfélaga annast framkvæmd sóknaráætlana sem byggja á fimm ára samningum við ríkið. Ásamt svæðisbundnum áherslum taka þær jafnframt mið af annarri opinberri stefnumótun, svo sem byggðaáætlun, loftslagsstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Áhersla Sóknaráætlunar Norðurlands eystra til ársins 2024 er á atvinnu- og nýsköpun, umhverfismál og menningu sem svo eðlilega endurspeglast í áherslum uppbyggingarsjóðsins. Finna má núgildandi Sóknaráætlun Norðurlands eystra á heimasíðu SSNE – [www.ssne.is](http://www.ssne.is).

Áhersla er lögð á að sóknaráætlanir landshlutanna séu gerðar í opnu samráðsferli og að stefnumörkunin byggist á þekkingu og vilja heimafólks. Á heimasíðu SSNE má jafnframt finna hlekk þar sem hægt er að skrá sig í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Ég vil nýta tækifærið til að hvetja öll til að taka þátt í mótu næstu áætlunar, en vinna við hana hefst væntanlega í lok þessa árs.

Það er sérlega ánægjulegt að sjá hversu mikil gróska er í landshlutanum, en aðeins einu sinni áður hafa borist fleiri umsóknir til uppbyggingarsjóðs en í ár. Eins og sjá má á listanum yfir þau verkefni sem úthlutunarnefnd hefur valið árið 2023 eru verkefnin í ár ákaflega fjölbreytt og spennandi. Allt frá Afurðum úr úrgangi til þróunar heildarlausna fyrir nærrannsóknir í heilbrigðiskerfinu, frá Álfum, tröllum og öðrum gestum til Verksmiðjunnar á Hjalteyri. Allt eru þetta verkefni sem ég er viss um að muni hvert á sinn hátt auðga mannlíf og atvinnulíf hér á svæðinu.

Ég vil að lokum minnast á okkar góða starfsfólk, en ráðgjafar SSNE eru með fasta viðveru á Akureyri, Bakkafirði, Dalvík, Húsavík, Ólafsfirði, Siglufirði og Raufarhöfni. Allt árið um kring veitir starfsfólk ráðgjöf til fólkis í atvinnurekstri, á sviði nýsköpunar og menningar, sem og ferðamála og erum við alltaf tilbúin til skrafs og ráðagerða með öllum sem hafa áhuga á uppbyggingu landshlutans til framtíðar.



**Albertína Fr. Elíasdóttir**

Framkvæmdastjóri SSNE

# ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ



Hlutverk úthlutunarfndarinnar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats og í takt við markmið Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Í úthlutunarfnd sitja formenn fagráða SSNE auk þriggja annarra sem skipuð eru á ársþingi SSNE.

## FAGRÁÐ ATVINNUPRÓUNAR OG NÝSKÖPUNAR

Thomas Helmig, formaður fagráðs, Norðurþing  
Sigríður Róbertsdóttir, Eyjafjarðarsveit  
Preben Jón Pétursson, Akureyrarbær  
Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, Fjallabyggð  
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Þingeyjarsveit

## FAGRÁÐ MENNINGAR

Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs, Akureyrarbær  
Anita Elefsen, Fjallabyggð  
Guðni Bragason, Norðurþing  
Sigurður Guðni Böðvarsson, Skútustaðahreppur  
Sigríður Örvarsdóttir, Eyjafjarðarsveit

## FAGRÁÐ UMHVERFISMÁLA

Ottó Elíasson, formaður fagráðs, Akureyrarbær  
Guðmundur Sigurðsson, Akureyrarbær  
Rut Jónsdóttir, Akureyrarbær  
Salbjörg Matthíasdóttir, Norðurþing

## ÚTHLUTUNARNEFND 2022-2024

Hilda Jana Gísladóttir, formaður  
Thomas Helmig, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar  
Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs menningar  
Ottó Elíasson, formaður fagráðs umhverfismála  
Sigurður Þór Guðmundsson  
Preben Jón Pétursson

# FRÁ FORMANNI ÚTHLUTUNARNEFDAR

Kæru styrkhafar og íbúar Norðurlands eystra,

Sóknaráætlun má segja að sé stefna heimafólks í landshlutanum um það hvernig við sjáum best fyrir okkur að blása til sóknar. Okkar helstu verkfæri til þess að ná að fylgja stefnu okkar er í fyrsta lagi framlag starfsmanna SSNE en einnig þeir fjármunir sem við fáum tækifæri til að leysa úr læðingi, sem fara hratt og örugglega til verkefna sem eru líkleg til þess að stuðla að þeirri sókn sem við viljum vera í. Þannig má í raun segja að fjármunirnir virki sem súrefni inn á svæðið og styður okkur öll í sókn landshlutans. Áherslur Sóknaráætlunar Norðurlands eystra felast í atvinnu- og nýsköpun, menningarmálum og umhverfis- og loftslagsmálum.

Það var sannarlega ekki einfalt verkefni sem beið úthlutunarnefndar að þessu sinni, enda bárust 172 umsóknir sem óskuðu samtals eftir styrkjum fyrir ríflega 286 m.kr. Hins vegar var það fjármagn sem var til úthlutunar 73,3 m.kr. Þetta fjármagn kemur fyrst og fremst frá tveimur ráðuneytum sem treysta okkur heimafólki til að úthluta því eins og best verður á kosið, en það eru innviðaráðuneytið og menningar- og viðskiptaráðuneytið. En þar að auki leggja sveitarfélögin fram hluta fjármagnsins.

Að sjálfsögðu er það þakkarvert að þetta fjármagn fáist og okkur heimafólki sé treyst fyrir úthlutun á því. Hins vegar er ekki annað hægt en að benda á að fjárframlið ríkisins til sóknaráætlana hefur dregist saman um 24,5%, að raunvirði, frá árinu 2019. Það munar um minna. Úthlutunarnefnd taldi fleiri verkefni en hljóta styrk í ár verðskulda stuðning og fjölmög verkefni jafnframt verðskulda hærri styrki. Landhlutasamökini öll hafa ítrekað hvatt fleiri ráðuneyti til að leggja fjármagn í farveg sóknaráætlana og lagt þunga áherslu á að ekki sé dregið úr fjármagni til sóknaráætlana, heldur þvert á móti verði gefið í, enda alveg ljóst að í gegnum þennan farveg getur fjármagnið nýst hratt og örugglega.

Að þessu sögðu þá er vert að nefna að mikil áhersla er lögð á að farið sé með faglegum hætti yfir þær umsóknir sem berast. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir úthlutunferlið, en get svo sannarlega upplýst að það var ekki verið að kasta til hendinni í því viðamikla verkefni. Ég vil nýta tækifærið og þakka félögum mínum í úthlutunarnefnd fyrir þeirra störf, en í henni sitja auk mín þau Hulda Sif Hermannsdóttir, Thomas Helming, Sigurður Þór Guðmundsson, Preben Jón Pétursson og Ottó Elíasson. Auk þess sem við nutum dyggrar aðstoðar starfsmanna SSNE þá sérstaklega Hildur Halldórsdóttur, Elvu Gunnlaugsdóttur, Ara Páls Pálssonar og Díónu Jóhannsdóttur.

Í ár fá 72 verkefni styrki samtals að upphæð 73,3 m.kr. Ég trúi því að það fjármagn komi til með að nýtast vel, okkar landshluta til heilla.



Hilda Jana Gísladóttir,  
Formaður úthlutunarnefndar

# MIKILVÆGI UPPBYGGINGARSJÓÐS NORDURLANDS EYSTRA

Kolefnisfrítt eldsneyti úr vistvænni orku.

Við hjá Green Fuel höfum verið að vinna að uppbyggingu á vistvænni vetrnís- og ammoníaksverksmiðju á Bakka við Húsavík í langan tíma. Ástæðan fyrir því að við horfum til ammoníaks varðandi orkuskiptin á íslenska fiski- og kaupskipaflotanum er sú að ammoníak er kolefnisfrítt bæði í framleiðslu og notkun og getur því gert okkur Íslendingum kleift að selja 100% kolefnisfrían fisk.

Um mitt ár 2021 fengum við til liðs við okkur erlenda fjárfesta, fyrirtækið Atome sem er fyrsta skráða vistvæna vetrnís- og ammoníaksframleiðslufyrirtækið á AIM kauphöllinni í London. Í dag eru þeir eitt af leiðandi fyrirtækjum á heimsvísu í þessum vistvæna iðnaði. Auk verkefnisins á Íslandi eru þeir með verkefni í Paraguay og Kosta Ríka.

Verkefnið á Íslandi hefur tekið lengri tíma en við gerðum ráð fyrir í upphafi. Þess vegna hafði styrkveitingin mjög jákvæð áhrif á verkefnið og var sér í lagi skýr skilaboð til okkar fjárfesta að til Green Fuel verkefnisins væri horft jákvæðum augum. Styrkurinn kom sér vel og var nýttur á móti kostnaði sem til varð við þróun verkefnisins. Þrátt fyrir lengingu á upphaflegri tímálinu þá vinnum við áfram ötullega að uppbyggingu verksmiðjunnar og stefnum á að verða með þeim fyrstu til að byggja upp og starfrækja umhverfisvæna rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi.

**Siggi Ólason, Kolefnisfrítt eldsneyti úr vistvænni orku**

Fyrir ári síðan fékk ég styrk frá Uppbyggingarsjóði til þess að gera handrit að heilmildatónlistaruppistandsverkinu Móðir, kona, meyja.

Fyrir tilstilli styrksins gat ég tekið mér tíma í að safna ljóðum og heimildum íslenskra skáldkvenna, semja fleiri ljóð og klára fyrsta uppkast handritsins, sem fjallar um konur og kvenleika nú og þá. Þessa dagana er ég að vinna í útsetningu tónlistarinnar í verkinu og get ekki beðið eftir því að sýna afraksturinn, vonandi seinni hluta ársins 2024.


Uppbyggingarsjóður stuðlar að því að listafólk og frumkvöðlar geti nýtt sér sína menntun og sérþekkingu í heimabyggð og haft atvinnu af. Grasrótarstarfið er svo ómetanlega mikilvægt og það er sem dæmi alveg óvist að Vandræðaskáld væru til ef ekki hefði verið fyrir styrk sem við Villi fengum árið 2015 fyrir skrifum og uppsetningu á verkinu Útför-saga ambáttar og skattsvikara. Einn styrkur fyrir átta árum síðan og við Vandræðaskáld lifum enn góðu lífi.

**Sesselía Ólafsdóttir, Móðir, kona, meyja**



# TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

## FJÖLDI UMSÓKNA EFTIR TEGUND



Sérstök áhersla var lögð á umhverfisþátt í yfirferð umsókna í ár en sótt var um verkefnastyrki á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar, sem og stofn- og rekstrarstyrki til stofnana á sviði menningar, samtals að upphæð 286.050.827 kr.

Alls bárust 172 umsóknir.

Umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar voru 20. Heildarupphæð umsókna var 51.941.827 kr., fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 131.869.338 kr.

Umsóknir um verkefnastyrki á sviði menningar voru 89. Sótt var um 116.149.293 kr. fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 308.272.110 kr.


Umsóknir um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar voru 63. Sótt var um 117.959.707 kr. fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 268.072.478 kr.

Alls var því sótt um 286.050.827 kr. fyrir 172 verkefni sem voru í heildina metin á 708.213.926 kr.

# TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

## FJÖLDI STYRKJA EFTIR TEGUND

**Samtals var úthlutað 73,3 m.kr.**



Til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði NE fyrir árið 2022 voru **samtals 73,3 m.kr.**

Alls voru **72 verkefni styrkt af 172 umsóknum**, sem samsvarar 41,8% árangurshlutfalli.

**12 umsóknir af 20 um stofn- og rekstrarstyrki hlutu brautargengi í ár** sem samsvarar 60% árangurshlutfalli. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeiri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 47%. Alls var styrkupphæð 13.620.000 kr.

**34 umsóknir um verkefnastyrki á sviði menningar hlutu brautargengi.** Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 38,2%, eða 34 af 89 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeiri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 64%. Alls var styrkupphæð 30.035.150 kr.

**26 umsóknir um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hlutu brautargengi.** Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 41%, eða 26 af 63 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeiri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 53%. Alls var styrkupphæð 29.645.600 kr.

# STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA 2023

## ATVINNUÞRÓUN OG NÝSKÖPUN



### UMSÆKJANDI: AMC EHF.

VERKEFNI - NANNA LÍN - TÆKNILEGAR LAUSNIR  
UPPHÆÐ STYRK 997.500 KR

Mikið magn af roði fellur til sem hliðarafurð frá sjávarútveginum og á sama tíma fyllast landfyllingar af endingarlitlum textíl. Með því að framleiða leður úr roði má leysa þessi vandamál. Roðið er endurmótað í æskilega stærð og þykkt áður en það er sútað. Þannig má nota skaddað roð og afskurð, svo úr verður ný tegund af textíl. Með þessari nýju aðferð má framleiða stóra fleti af roðleðri, auka nýtingu hliðarafurða og um leið auka verðgildi sjávarafurða.

### UMSÆKJANDI: ARCTIC THERAPEUTICS EHF.

VERKEFNI - ÞRÓUN HEILDARLAUSNA FYRIR NÆRRANNSÓKNIR Í HEILBRIGÐISKERFINU  
UPPHÆÐ STYRK 1.500.000 KR

Verkefnið er samstarfsverkefni á milli AT og Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) þar sem LumiraDx nærrannsóknartæki verða kynnt á SAK og samvinna höfð um þróun á heildarlausn fyrir nærrannsóknir til eflingar á umönnun sjúklinga sjúkrahússins. Verkefnið byggist á þarfagreiningu nærrannsókna innan SAK, þróun verkferla, viðhalds, þjónustu og hugbúnaðar fyrir hin fjölmörgu próf sem hægt er að greina með LumiraDx tækjunum.

### UMSÆKJANDI: BALDVIN STEINAR INGIMARSSON

VERKEFNI - MARKAÐSSETNING Á LÖNGU SUNDMAGA  
UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Löngu sundmagi er afurð sem hefur ekki verið áður nýtt á Íslandi. Til framleiðslunar verður notast við íslenskt hugvit til hreinsunar og jarðhita til þurrkunar. Fyrirhuguð er samvinna við fyrirtæki í Nýja Sjálandi um sölu afurða til Asíu til að byrja með en markið sett á sölu afurða í Evrópu undir eigin merkjum þar sem áhersla verður lögð á ferskleika hráefnis og vinnsluaðferðir.

### UMSÆKJANDI: BJÖRN VÍKINGUR BJÖRNSSON

VERKEFNI - LOCAL TOURS ATV  
UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Á starfssvæði Norðurhjara vantar fjölbreytt afþreyingarframboð (sem og störf innan ferðapjónustunnar) fyrir ferðamenn á heilsársgrunni. Með færانlegri fjórhlaleigu mun svæðið í heild njóta góðs af starfseminni sem mun leggja áherslu á náttúruskoðunarferðir undir leiðsogn heimamanna. Þá verður það einnig haft að leiðarljósi að fléttu menningu og matvælaframleiðslu svæðisins inn í ferðirnar eins og á við að hverju sinni. Höfuðstöðvar leigunnar koma til með að verða í Öxarfirði.

## ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN



### UMSÆKJANDI: EINAR HANNESSON

VERKEFNI - GÖNGUFERÐIR UM MIÐ- OG INNBÆINN MEÐ RAFRÆNNI LEIÐSÖGN

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Hafnarstræti 90 á sér merka sögu og er fyrsta húsið sem hýsti KEA. Í dag eru þar reknir veitingastaðirnir Eyja og Mysa. Vegna staðsetningar og sögu hússins er tilvalið að útbúa göngutúr þaðan sem tengir sögu mið- og innbæjarins við lykt og bragð. Á Mysu og Eyju notum við eins mikið og kostur er mat úr heraði og úr náttúrunni í kringum okkur til að stuðla að sjálfbærni. Lykt- og bragðpokarnir myndu tengja sögu bæjarins við matarmenningu þar sem að fólk getur gengið, lært og notið.

### UMSÆKJANDI: FERÐAFÉLAG AKUREYRAR

VERKEFNI - ÚT UM HOLT OG HÆDIR

UPPHÆÐ STYRK 2.235.600 KR

Mikilvægt er að koma á samræmdu kerfi útivistarleiða í Eyjafirði. Samstarfsaðilar umsóknarinnar munu vinna að samræmdum merkingum og merkingarkerfi fyrir fjölbreytta útivist á svæðinu. Verkefnið felst í hönnun merkinga og upplýsingaskiltta auk þess að merkja útivistarleiðir á svæðinu og tengja þær saman. Verkefninu verður áfangaskipt með það að markmiði að fylgja leiðum í framhaldinu og ná til sem flestra leiða óháð sveitarfélagamörkum.

### UMSÆKJANDI: FRÁVIK EHF.

VERKEFNI - HVERНИG GERI ÉG HRÁSKINKU? UPPBYGGING NÁMSKEIÐA Í KJÖTVINNSLU

UPPHÆÐ STYRK 475.000 KR

Frávik er í vörupróun með námskeið svo að framboð endurspegli þarfir markaða og að notendur námskeiða geti nýtt þekkinguna til gagns. Eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum í hráverkun s.s. spægipylsu- og hráskinkugerð. Slíka kunnáttu þarf að sækja utan landsteinanna og ætla forsvarsmenn Frávks að afla sér þekkingar á því handverki sem ofangreind vinnsla krefst með því að heimsækja annaðhvort ítalíu eða þýskaland.

### UMSÆKJANDI: GOBLIN EHF.

VERKEFNI - SKAPANDI SPILAMIÐSTÖÐ

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Spilasalur Goblin auðgar afþreyingar- og menningarflóru Akureyrar með glæsilegri borðspilaaðstöðu og viðburðum þeim tengdum. Viðburðirnir eru fyrst og fremst tengdir spilum sem hvetja til samskipta, samvinnu og hugarþjálfunar og efla sköpunarkraft og félagsfærni.

Kjarninn í starfseminni er áhersla á skjálausa samveru. Við teljum mikilvægt að börn og fullorðnir stundi áhugamál sem styrkja félagsleg tengsl og efla skapandi hugsun.

### UMSÆKJANDI: HILDUR LEONARDSDÓTTIR

VERKEFNI - GRÍÐUNGR - PRÓUN HÚÐVÖRUM ÚR NAUTAFITU OG ÍSLENSKUM JURTUM

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Margar snyrtivörur innihalda skaðleg efni sem geta haft áhrif á hormónastarfsemi og jafnvel verið krabbameinsvaldar. Griðungr ætlar að framleiða krem, sápur og fleira úr náttúrulegum efnum, nautafitu og íslenskum jurtum. Nautafita er frábær næring fyrir húðina, hún hefur svipaða uppbyggingu og húðin okkar og í henni eru mikilvæg vítamín, A-D-E og K2. Hún inniheldur einnig sterínsýru af náttúrunnar hendi en henni er oft bætt í snyrtivörur þar sem hún mykir og sléttir húðina og gefur henni raka.

### UMSÆKJANDI: HULD HAFLIÐADÓTTIR

VERKEFNI - NÁTTÚRA OG NÝSKÖPUN

UPPHÆÐ STYRK 580.000 KR

Verkefnið býður ungu fólk uppi á námsvettvang til þess að greina raunveruleg vandamál og úrlausnarefni í nærumhverfi sínu og náttúru; læra nýjar aðferðir við lausn vandamála; æfa sig í að tjá rödd sína og skoðanir og gera þeim kleift að byggja upp kjarnafærni í STEM greinum sem og mjúka færni eins og teymisvinnu, lausnamiðun, gagnrýna hugsun og umhverfislæsi. Þá er verkefninu ætlað að nýta nýstofnað STEM fræðslunet með því að tengja saman nemendur, skóla, náttúru, vísindafólk og FabLab smiðju.

## ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN

### UMSÆKJANDI: ICELANDIC EIDER EHF.

VERKEFNI - PRÓUN FJAÐRATÍNSLUVÉLAR  
UPPHÆÐ STYRK 1.043.750 KR

Verkefnið snýr að því að hanna og þroa nýja fjaðratínsluvél sem notuð er til hreinsunnar á íslenskum æðardúni. Núverandi vélar voru hannaðar á níunda áratug síðustu aldar og hefur engin þróun verið í vélum sem þessum síðan. Með vélinni sem við ætlum að þroa munum við auka afköst fjaðratínslu um 33%, slíta þessari verðmætustu landbúnaðarvöru Íslands minna en einnig ná að nýta þær fjaðrir sem falla til sem fyllingu í kodda og nýta þannig það "rusl" sem fellur til við hreinsun.

### UMSÆKJANDI: JÓHANNA ÁSDÍS BALDURSDÓTTIR

VERKEFNI - FILM HÚSAVÍK  
UPPHÆÐ STYRK 800.000 KR

Film Húsavík er framleiðslufyrirtæki á Húsavík sem hefur það að markmiði að fjölgja framleiðsluverkefnum í kvikmynda-, auglýsinga- og dagskrágerð á Norðausturlandi. Fyrirtækið vinnur nú að því að byggja upp öfluga skrá um tökustaði, innviði vegna þjónustu og fólk í greininni á svæðinu. Norðausturland hefur mikil sóknarfæri í framleiðslu kvikmyndaefnis og hefur það sýnt sig að þau verkefni geta einnig skapað mikil verðmæti fyrir ferðaþjónustuna. Húsavík hefur sérstöðu nú og er verðmætt vörumerki.

### UMSÆKJANDI: JT CONSULTING EHF.

VERKEFNI - AFURÐIR ÚR ÚRGANGI  
UPPHÆÐ STYRK 2.500.000 KR

Hjólbörðum, umbúðaplasti og úrgangsolíu verður safnað til framleiðslu á vistvænu eldsneyti. Áhersla verður á eldsneytisframleiðslu fyrir báta og vinnuvélar. Hráefnissöfnun verður skipulögð í samvinnu við sorpsamlög og sveitarfélög, og er sérstaklega horft til sveitarfélaga á Norðurlandi.

Úrvinnslan byggir á einkaleyfisverndaðri tæknilausn, og verður vinnsluferlið hannað og útfært í samstarfi við rétthafa tækninnar.

### UMSÆKJANDI: MARKAÐSSETNING RAUFARHAFNAR

VERKEFNI - ÁFANGASTAÐURINN RAUFARHÖFN  
UPPHÆÐ STYRK 650.000 KR

Verkefnið snýr að því hanna áningarstað við innkomuna austan megin Raufarhafnar. Afraksturinn verður kostnaðar- og verkáætlun sem hægt er að nota við styrkumsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Einn af verkþáttunum er að hanna bæjkort af Raufarhöfn sem nýta má um ókomna framtíð. Kortið verður handteiknað kort og leitast verður eftir því að fá listamann af Norðausturlandi til að teikna verkið.

### UMSÆKJANDI: MARKAÐSSTOFA NORÐURLANDS

VERKEFNI - HÖNNUN Á FUGLASKOÐUNARSKÝLUM VIÐ EYJAFJÖRD  
UPPHÆÐ STYRK 1.500.000 KR

Ferðamennska tengd fuglaskoðun er vaxandi grein og þegar hafa nokkur vönduð fuglaskoðunaskýli risið á Norðurlandi. Norska arkitektastofan Biotope hefur komið að þeirri vinnu og hannað skýli sem falla vel að umhverfinu, auk þess sem þau eru gerð til að standast íslenska veðráttu. Með því að taka höndum saman geta fjögur sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu notið samlegðaráhrifa, bæði í hönnunarferlinu sjálfu og eins í kynningarstarfi í kjölfarið.

### UMSÆKJANDI: MARTIN VARGA

VERKEFNI - ORGANIC FERTILIZER  
UPPHÆÐ STYRK 1.390.000 KR

Fertilizing Icelandic soil is an essential element in various relevant sectors such as food production, agriculture, soil conservation and private gardening.

As this project is based on the circular economy, it aims to utilize available organic resources to develop an eco-friendly high quality fertilizer. The innovation of this project is to focus on local resources (biomass and green energy) to produce an application specific fertilizer which is dry compressed and therefore user-friendly.

## ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN



### UMSÆKJANDI: MAY FLOR PEREZ CAJES

VERKEFNI - SKARFAKÁL ARCTICCIRCLE

UPPHÆÐ STYRKΣ 1.000.000 KR

Skarfakál ArcticCircle snýst um að nýta og rækta skarfakál. Það er fyrsta flokks hráefni frá náttúrunnar hendi; bragðgott, C-vítamínrikt og græðandi, sem gerir það tilvalið í matargerð og matvælaframleiðslu. Skarfakál ArcticCircle mun þroa og útbúa krydd, pestó, te og hreint salat úr skarfakáli.

### UMSÆKJANDI: MÝSILICA EHF.

VERKEFNI - FRAMLEIÐSLA Á STEINEFNARÍKUM HÚÐVÖRUM ÚR SKILJUVATNI

UPPHÆÐ STYRKΣ 1.500.000 KR

MýSilica er að þroa húðvörur unnar úr steinefnaríku skiljuvatni frá Bjarnarflagsvirkjun. Þróuð hefur verið aðferð til að hreinsa skiljuvatnið af óæskilegum þungmálum svo hægt sé að nýta það í húðvörur. Þessi hluti verkefnisins er að koma fyrirtækinu og framleiðslunni á næsta stig. Í því felst þróun á afkastameiri framleiðslubúnaði, en einnig verður gerð markaðsgreining út frá breyttum áherslum og unnið að markaðsetningu varanna og koma þeim á markað.

### UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF.

VERKEFNI - VETRARMARKAÐSÁTAK BAKKAÐJARÐAR

UPPHÆÐ STYRKΣ 700.000 KR

Ferðaþjónustutímabilið á Bakkafirði takmarkast nær alfarið við sumarmánuðina og mikilvægt er að stytta lágönnina og ná fram betri nýtingu á henni ef skapa á störf á ársgrundvelli í ferðaþjónustu. Í verkefninu Vetrarmarkaðsátak BakkaÐjarðar viljum við taka upp hágæða auglysingu að vetri til og koma í dreifingu til ferðaþjónustu- og söluaðila um allt land. Við höfum áður unnið svipað efni að sumri til en það átak heppnaðist vel og fékk gríðarlega umfjöllun á sínum tíma.

### UMSÆKJANDI: REIMAR SIGURJÓNSSON

VERKEFNI - SJÓSUNDSKÝLI

UPPHÆÐ STYRKΣ 500.000 KR

Náttúruleg aðstaða fyrir sjósund er óvíða betri á norðausturhorni landsins en við bæinn Fell í Finnfirði, sunnan undir Langanesi. Sandfjara, rekaviður, smáöldur og tignarlegt Gunnólfsvíkurþjallid ramma inn náttúru svæðisins og dregur til sín þá ferðamenn sem hafa snúið baki við troðnar slóðum. Verkefnið gengur út á að gera aðstöðu fyrir sjósundsfólk til að geta skipt um föt í skjóli, fyrir og eftir góðan sundsprett.

### UMSÆKJANDI: SIGÞÓRA BRYNJA KRISTJÁNSDÓTTIR

VERKEFNI - FÝSILEIKAKÖNNUN Á P&R VERKEFNI TENGΤ PÖRUNGUM

UPPHÆÐ STYRKΣ 2.500.000 KR

Verkefnið er rannsóknar og þróunarverkefni tengt þörungum og fýsileikakönnun á því hvort grundvöllur sé til að hefja rannsóknir á þörungum og athuga hvort þeir innihalda ákvæðið lífvirk efni og í kjölfarið að framleiða efnið úr íslenskum þörungum sjálfstætt eða í samstarfi við hráefnisframleiðanda.

### UMSÆKJANDI: SKÍÐAFÉLAG ÓLAFSFJARÐAR

VERKEFNI - FJARÐARGANGAN, -HJÓLIÐ OG -HLAUPIÐ

UPPHÆÐ STYRKΣ 500.000 KR

Skíðafélag Ólafsþjallar hefur hleypt af stokkunum einstökum þríleik, fyrir gönguskíði, hlaup og utanvegahjólreiðar. Allir geta tekið pátt og skorað á sjálfan sig og haft gaman að. Fjarðargangan sem fer fram á Ólafsþjallar í febrúar, Fjarðarhlaupið og Fjarðarhjólið eru haldin að sumri. Styrkurinn verður notaður til að vekja athygli á viðburðunum og um leið er verið að styrkja ímynd staðarins sem áfangastaður.

## ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN



### UMSÆKJANDI: SVARTÁRKOT

VERKEFNI - HULDA - FYRSTU SPORIN

UPPHÆÐ STYRKS 1.300.000 KR

HULDA – náttúruhugvísindasetur er samstarfsvettvangur Svartárkots menningar – náttúru, grasrótarselurs í heimabyggð sem haldið hefur alþjóðleg námskeið og stundað rannsóknir um árabíl, og fyrirhugaðs Rannsóknaseturs Háskóla Íslands og sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar. Meginmarkmið HULDU eru að efla rannsóknir og miðlun þekkingar, byggja brú milli heimamanna og fræðimanna og auka aðgengi heimafólks að menntun og framhaldsnámi á háskólastigi, gerð heimasíðu og fræðsluvetvangs fyrir heimamenn.

### UMSÆKJANDI: PEKKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - NÝSKÖPUN Á NORÐURLANDI - MARKAÐSSÓKN OG MÖGULEIKAR

UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR

Hraðið - miðstöð nýsköpunar, hefur opnað á Húsavík í nýju klasasetri sem nefnist Stéttin. Þar býðst fullbúin aðstaða fyrir frumkvöðla, fyrirtæki og stofnanir til að vinna að nýsköpunartengdum verkefnum. Nú þegar þeim áfanga er náð að fjárfesting í innviðum, búnaði og aðstöðu er lokið er afar brýnt að sækja fram með markaðssókn og ná eyrum fjárfesta, frumkvöðla og fyrirtækja og fá til þátttöku með verkefni sín og hugmyndir í því frjóa samfélagi sem er að skapast á Stéttinni.

### UMSÆKJANDI: VIA NOSTRA EHF.

VERKEFNI - VIA NOSTRA - FRÆÐSLUSAMFÉLAG

UPPHÆÐ STYRKS 998.750 KR

Via Nostra stefnir að því að bjóða upp á styrkhæf Erasmus+ námskeið í húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga, þar sem áhersla er lögð á þekkingu, styrkleika og sérkenni kennarasamfélags MTR en í því felst m.a. skapandi verkefnaskil, upplýsingatækni í námi, listkennsla og hvernig hægt er að fléttu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærni og umhverfisvitund inn í námið. Einnig er stefnt að því að bjóða upp á námskeið sem eru styrkhæf af starfsmenntunarstyrkjum Kennarasambands Íslands.

### UMSÆKJANDI: VISTORKA

VERKEFNI - BRAUÐMYLJARINN

UPPHÆÐ STYRKS 475.000 KR

Brauðmyljarinn mylur niður brauð, sem ekki er lengur fýsilegt að selja, niður í duft sem hægt er að nota í staðinn fyrir nýtt hveiti. Þessu dufti er svo hægt að blanda saman við önnur hráefni og notað til baksturs á nýju brauði. Þessi aðferð skilar sér ekki einungis í minni matarsóun, heldur einnig í lægri hráefniskostnaði. Verkefnið felur í sér þróun á uppskriftum á "Hringrásarbrauði" sem og markaðsherferð til að vekja fólk til umhugsunar um matarsóun.

# STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA 2023

## MENNING



### UMSÆKJANDI: AÐALHEIÐUR S EYSTEINSDÓTTIR

VERKEFNI - GARÐUR, SKÚLPTÚRGARDUR VIÐ ALPÝDHÚSIÐ Á SIGLUFIRÐI  
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Sunnan við Alþýdhúsið er stórt tún sem tilvalið er að nota fyrir útilistaverk og annað sem gleður andann. Fyrirhugað er að koma fyrir fjórum til fimm útilistaverkum á túninu, skjólsælu setsvæði og jafnvel litlum sullupolli með gosbrunni. Enn sem komið er eru hugmyndirnar ekki fullmótaðar og er meinингin að leyfa garðinum að þróast í hugmyndaferli og vinnu næstu árin.

Nú eru komin tvö verk í garðinn og stefnt að því að koma þriðja verkinu upp í sumar.

### UMSÆKJANDI: AKUREYRARBÆR

VERKEFNI - LÁTUM VAÐA! LISTASMIÐJUR FYRIR FJÖLSKYLDUR  
UPPHÆÐ STYRKS 350.000 KR

Verkefnið felst í því að bjóða fjölskyldum að taka þátt í vönduðum listsmiðjum á vegum Listasafnsins á Akureyri. Þar fá bæði börn og fullorðnir einstakt tækifæri til að vinna saman undir leiðsögn spennandi listafólks. Áhersla er lögð á að allir taki virkan þátt í sköpunarferlinu og vinni í sameiningu metnaðarfull verk sem sett verða upp á sérstakri sýningu í safnfræðslurými Listasafnsins.

### UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAÐNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - MENNSKA BÓKASAÐNIÐ  
UPPHÆÐ STYRKS 235.000 KR

Á árinu 2023 stefnir Amtsbókasafnið á Akureyri að því að hafa two viðburði þar sem lánaðar eru út mennskar bækur.

Á Mennska bókasafnину gefst tækifæri til þess að spjalla í hálfíma við einstaklinga sem vinna við ólík störf eða standa frammi fyrir framandi áskorunum.

Dæmi um bókatitla eru: Lögregluþjónn, ADHD, Trans, Femínisti, Flóttamaður, Listamaður, Múslimi og Öryrki.

### UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAÐNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - UNGSKÁLD 2023  
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Ungskáldaverkefninu er ætlað að veita ungu fólk á aldrinum 16-25 ára á Norðurlandi eystra tækifæri og hvatningu á sviði skapandi skrifa, stækka tengslanet þeirra, auka sýnileika og líkur á atvinnutækifærum í ritlist. Verkefnið stendur fyrir gjaldfrjálsri ritlistasmiðju undir leiðsögn þekktra rithöfunda, skálða, textasmiða og handritshöfunda, og býður upp á ritlistakvöld, upplestrarviðburði og ritlistakeppni með veglegum peningaverðlaunum.

## MENNING



### UMSÆKJANDI: ANNA MARÍA RICHARSDÓTTIR

VERKEFNI - ÓÐ

UPPHÆÐ STYRK 1.250.000 KR

Óð er kvikmynd í miðlungslengd sem tvinnar saman táknaða myndmál og gjörningarálist. Myndin byggir á 7 stuttmyndum/senum sem eru allar tengdar sama þema, sem er máttur eldri konunnar – ömmunar. Sagan sækir innblástur í goðsögur mannsins síðustu 4000 ár. Verkinu er ætlað að fanga ævistarfi Önnu Richardsdóttur.

### UMSÆKJANDI: BERJADAGAR, FÉLAG UM TÓNLISTAHÁTÍÐ

VERKEFNI - BERJADAGAR - TÓNLISTARHÁTÍÐ

UPPHÆÐ STYRK 800.000 KR

Berjadagar tónlistarhátið; berjadagar.is, fer fram helgina 3.-6. ágúst 2023 eða um Verslunarmannahelgi. Gestir geta hlýtt á afar fjölbreyta tónleika með frábærum listamönnum; allt frá stórum tónleikum með mörgum listamönnum niðr í örþónleika í stofunni heima hjá íbúa Ólafsfjarðar. Kvöldtónleikar verða í Ólafsfjarðarkirkju og Menningarhúsinu Tjarnarborg og notið verður náttúru Ólafsfjarðar með leiðsögn. Listrænn stjórnandi: Ólöf Sigursveinsdóttir.

### UMSÆKJANDI: BRYNHILDUR KRISTINSDÓTTIR

VERKEFNI - SMIÐJUR, DANSGJÖRNINGUR OG STUTTMYND

UPPHÆÐ STYRK 600.000 KR

Í þessu verkefni sameina myndlistarkonan Brynhildur Kristinsdóttir og dansarinna Yuliana Palacios krafta sína í dansgjörningi og stuttmynd. Samhliða verkefninu verða þær með dans- og gjörningasmíðjur fyrir börn. Afrakstur verkefnisins verður sýndur á Akureyrarvöku í tengslum við opnum sýningar Brynhildar í Listasafninu og Boreal Screendance Festival 2023 sem er stuttmyndahátið á Akureyri sem Yuliana hefur haft umsjón með undanfarinár.

### UMSÆKJANDI: BRYNJA BALDURSDÓTTIR

VERKEFNI - NORTHERN LIGHTS - FANTASTIC FILM FESTIVAL 2023

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR.

Northern Lights Fantastic Film Festival er ný árleg kvikmyndahátið með vöggu á Akureyri. Hátíðin sýnir um 48 stuttmyndir en auk kvikmyndasýninga verða haldnir viðburðir fyrir kvikmyndagerðarfólk með það markmið að hvetja höfunda kvikmyndaverka til að sækja innblástur í slenskan þjóðsagnaarf. Ýmsir fjölbreyttir viðburðir verða einnig haldnir samhliða hátíðinni og munu ungrir sem aldnir geta tekið þátt og sótt viðburði hátíðarinnar.

### UMSÆKJANDI: DANIELE BASINI

VERKEFNI - BORNEO

UPPHÆÐ STYRK 600.000 KR

"Borneo" er verkefni þar sem hljóðin úr regnskógi og lifandi tónlistarflutningur mynda eina heild.

### UMSÆKJANDI: ESPERANZA Y. PALACIOS FIGUEROA

VERKEFNI - BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2023

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR.

Boreal er alþjóðleg hátíð tileinkuð dansmyndum sem haldin er á Akureyri. Fyrsta útgáfa hennar fór fram í nóvember 2020 í Mjólkurbúðinni í Listagilinu. Hátíðin skapar sviðspall til kynningar á vídeódansverkum með markmiðið að skeyyta saman inn- og erlendu listafólk, byggja brýr og hvetja til samstarfs. Þriðja útgáfa Boreal var haldin 11. - 17. nóvember 2022. Í ár verður Boreal haldin 10. - 26. nóvember í Listagilinu, meðal annars í Listasafninu á Akureyri og Mjólkurbúðinni.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: FJALLASALIR SES.

VERKEFNI - LISTVIÐBURÐIR Í PÁLSHÚSI 2023

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Þann 3. júní mun Birgir Snæbjörn Birgisson opna sýningu í Pálshúsi en einnig verður opnuð ný fastasýning í kjallara hússins sem hefur vinnuheitið Undraveröld Pálshúss. Þann 1. júlí opnar Wiola Ujazdowska sýningu en hún vinnur á mörkum félagslegrar myndlistar.

Í tengslum við Berjadaga verður opnuð sýning á verkum Seans Patricks O'Brien en hann hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum víðsvegar um heiminn og verið mjög sýnilegur þátttakandi í íslenskri myndlistarsenu síðustu ár.

### UMSÆKJANDI: FLYGILVINIR - TÓNLISTAFÉLAG VIÐ ÖXAFJÖRD

VERKEFNI - FLYGILVINIR FREISTAST TIL AÐ HALDA ÁFRAM

UPPHÆÐ STYRK 475.000 KR

Verkefninu "Flygilvinir freistast til að halda áfram" er ætlað að höfða til íbúa og veita þeim ánægjustundir við tónleikahald á vegum Flygilvina-tónlistarfélags við Öxarfjörð.

Markmið verkefnisins er að standa fyrir þremur viðburðum, fá framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni. Íbúarnir geta þannig öðlast innsýn í agnarsmátt brot af þeim töfraheimi tónlistar sem stendur íbúum höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýliskjarnanna til boða.

### UMSÆKJANDI: GÚSTAV GEIR BOLLASON

VERKEFNI - SKUGGALÍNAN

UPPHÆÐ STYRK 1.500.000 KR

Myndræn og hljóðræn athugun á hafinu og umhverfi þess en einnig skráning á hratt hverfandi strandminjum. Þorp eða bær sem að hafa lagst í eyði, ekki ykjum gamlar rústir en örth hnignandi vegna ágangs veðurs og sjávar. Í myndinni verður leitast við að sýna lífið, á og undir yfirborði hafflatarins: dýr og gróður. Einnig mun verkið byggja á portret myndum af fólk sem að segir frá eigin röddu: lífsreynslu, minningum, athugunum eða sögum. Tilraun með heimildamyndaformið og óhefðbundin hljóðfæri.

### UMSÆKJANDI: HÆLIÐ EHF.

VERKEFNI - SULTUPLÁSTUR

UPPHÆÐ STYRK 800.000 KR

Sultuplástur er heiti á fræðsluheimsóknum á HÆLIÐ fyrir 6. bekkinga á Norðurlandi eystra. Á HÆLINU er búið að setja upp áhrifaríka sýningu um sögu berklanna á Íslandi og nú viljum við leyfa 6. bekkingum að njóta. Í vor tókum við á móti 400 6. bekkingum frá Akureyri og nærsveitum í 90 mínutna heimsókn þar sem þeir fóru í hópeflisleiki, skógargöngu og í leiðsögn um sýninguna. Nú viljum við bjóða öllum grunnskólum í landshlutum í heimsókn.

### UMSÆKJANDI: HEIMSKAUTSGERÐI Á RAUFARHÖFN

VERKEFNI - UNDIRBÚNINGUR FYRIR HEIMSKAUTSTÓNLEIKA

UPPHÆÐ STYRK 909.500 KR

Raufarhöfn er lítið sjávarþorp sem hugsar stórt. Verkefnið snýr að því að undirbúa og skipuleggja stórtónleika sem halda á í Heimskautsgerðinu með hljómsveitinni Skálmöld. Viðburður sem þessi hefði gríðarleg áhrif á svæðið allt austan Húsavíkur. Ávinnungur slíks verkefnis yrði efnahagslegur og samfélagslegur, auk þess að hafa gríðarlegt menningarlegt gildi. Ráða þarf verkefnisstjóra til að sjá um allan undirbúning og skipulag, útfæra hvernig best sé að taka á móti slíkum fjölda í samvinnu við íbúa.

### UMSÆKJANDI: HOLLVINASAMTÖK GRUNNSKÓLANS Á KÓPASKERI

VERKEFNI - TÍMAHYLKID ROFIÐ

UPPHÆÐ STYRK 1.600.000 KR

Grunnskólinn á Kópaskeri var tilraunaskóli þar sem kennsluhættir voru afar frábrugðnir því sem tíðkaðist á níunda áratug síðustu aldar. Skólinn þroaði uppeldis- og kennsluhætti þar sem lykilhugtökin frelsi, ábyrgð og traust voru kjarninn. Með aðstoð Uppbyggingarsjóðs NE og velunnara skólans er unnið að heimildamýnd sem sýnir þessi sérkenni skólans og skólastarf sem ýmsir helstu menntafrömuðir landsins telja eiga brýnt erindi við samtímann, í ljósi mikillar umræðu um menntastefnu til framtíðar.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: HVALASAFNIÐ Á HÚSAVÍK SES.

VERKEFNI - OCEAN FILMS HÚSAVÍK

UPPHÆÐ STYRKS 465.650 KR

Ocean Films Húsavík er alþjóðleg kvíkmyndahátíð sem fer fram í Hvalasafninu á Húsavík í ágúst ár hvert. Nú er komið að þriðju hátfíðinni sem vex og verður veglegri með hverju árinu sem líður. Allar myndirnar sem valdar eru til þátttöku á hátfíðinni eiga það sameiginlegt að fjalla á einn eða annan hátt um hafið. Myndunum er skipt í alþjóðlegan-, norrænan- og nemenda flokk og eru veitt verðlaun fyrir bestu myndina í fullri lengd og bestu stuttmyndina í hverjum flokki.

### UMSÆKJANDI: JÓN HAUKUR UNNARSSON

VERKEFNI - MANNFÓLKID BREYTIST Í SLÍM

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Mannfólkid breytist í slím er óhagnaðardrifið menningarverkefni í formi tónleikaraðar sem nær hámarki með tónlistarhátíð 28. & 29. júlí 2023. Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan 2018. Helsta markmið verkefnisins er að auðga menningarlífíð norðan heiða með því skapa sterka hefð fyrir metnaðarfullri tónlistarhátíð á Akureyri skipulagðri af listafólk sumar hvert með sérstaka áherslu á frumsköpun og listafólk úr héraði.

### UMSÆKJANDI: KÓR RAUFARHAFNARKIRKJU

VERKEFNI - NORÐURHJARAKÓRAMÓT

UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Verkefnið er ætlað að efla kórastarf á svæðinu frá Kelduhverfi til Bakkaþjóðar með það að leiðarljósi að efla og fylgja í kórunum öllum. Haldin verður vinnuhelgi/æfingabúðir þar sem gamlir og nýir kórfélagar hittast og vinna saman að liðsheimild og æfa.

### UMSÆKJANDI: LAUMULISTASAMSTEYPAN, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - LAUMULISTASAMSTEYPAN

UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR

Alþjóðlega gestavinnustofan Laumulistasamsteypan býður listamönnum til Hríseyjar í ágúst í áttunda sinn. 12 listamönnum er boðið að vinna skapandi samvinnuverkefni í 10 daga og fá þau gistingu og vinnuaðstöðu. Hópurinn notar nærumhverfi staðsetningar sinnar í Hrísey sem innblástur fyrir skapandi vinnu og í lok dvalarinnar stendur samsteypan fyrir opnu húsi með uppákomum fyrir íbúa Hríseyjar.

### UMSÆKJANDI: MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

VERKEFNI - MÁNÁRDÝRIÐ - SAMTAL MANNS OG NÁTTÚRU Í HÉRAÐI

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Mánárdýrið er geymd og gleymd heimild um sýn ungs drengs í Norður-Þingeyjarsýslu sem sér hauslausa, kúlulaga sæskrímсли með hala í flæðarmálínu við Mánárbakka. Heimildir um dýrið, ásamt teiknaðri mynd, er að finna í sendibréfi frá 1907, sem varðveitt er í Hérðasskjálasafni Þingeyinga. Með því að þríviddarprenta dýrið og framsetja með frásögn, verður til nýtt samtal manns og náttúru í byggðasýningunni "Mannlíf og náttúra - 100 ár í Þingeyjarsýslum", sem miðlað verður þannig áfram til kynslóðanna.

### UMSÆKJANDI: MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - SKÁLDASTUNDIR Í DAVÍÐSHÚSI - LITLA LJÓÐAHÁTÍÐIN

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Í Davíðshúsi, heimili skáldsins frá Fagraskógi, verður boðið upp á vettvang fyrir bókmenntaviðburði. Höfundar af svæðinu í bland við landsþekkta listamenn á sviði ljóðalistar, bókmennta og leiklistar er boðið að heimsækja Davíðshús, flytja eigið efni og segja frá hvernig þeirra sköpun fer fram.

Sérstaklega verður leitast við að bjóða ungum skáldum á Norðausturlandi að stíga fram til að kynna sig og verk sín. Skáldastundir í Davíðshúsi verða allt árið en hápunkturinn er Litla-ljóðahátíðin.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: NÁTTÚRUSTOFA NORÐAUSTURLANDS

VERKEFNI - COFFEE SCIENCE

UPPHÆÐ STYRK 500.000 KR

Six researchers will be invited to come to Raufarhöfn to give a talk on their projects in areas such as sociology, ecology, biodiversity, and impacts of invasive marine species, encouraging the exchange of ideas and engaging the local inhabitants in the discussion. This interaction between researchers and inhabitants will increase the understanding of the importance of the region's unique ecosystems for the society and local biodiversity and may lead to the biodiversity.

### UMSÆKJANDI: NORÐURÞING

VERKEFNI - SAMFÉLAGS- OG MENNINGARHÚS Á KÓPASKERI

UPPHÆÐ STYRK 800.000 KR

Unnið er að stofnun öflugs samfélags- og menningarhúss í skólahúsini á Kópaskeri. Þar er stefnt á að verði skrifstofurými fyrir störf án staðsetningar, Skjálfasetur, bókasafn, upplýsingamiðstöð, mögulega steinasafn í eigu Guðmundar Benediktssonar, aðstaða fyrir félagsstarf barna, kóræfinga, námskeiða- og tónleikahald o.fl. Verkefnið hefur verið í ferli undanfarin þrjú ár.

### UMSÆKJANDI: PETREA ÓSKARSDÓTTIR

VERKEFNI - WINDWORKS Í NORÐRI 2023

UPPHÆÐ STYRK 1.500.000 KR

Verkefnið snýr að því að halda tónlistarhátíðina „WindWorks í Norðri 2023“. Tónlistarhátíðin er helguð blásturshljóðfærum og fara tónleikarnir allir fram á mismundandi söfnum á Norðurlandi. Eftir mjög vel heppnaða hátið síðastliðið sumar var ákveðið að þróa hátiðina með því að hafa staðartónskáld næsta sumar og þá að sjálfsögðu frá Norðurlandi. Nú þegar hefur Daníel Þorsteinsson píanóleikari og tónskáld samþykkt að verða staðartónskáld hátiðarinna.

### UMSÆKJANDI: SALAS STÚDÍÓ EHF.

VERKEFNI - MIÐGARÐAKIRKJA

UPPHÆÐ STYRK 1.500.000 KR

This film documents the rebuilding of the Miðgarðakirkja church in Grimsey over a period of one year. It will also show the islanders' daily life at work and at play. Stories and anecdotes interlace throughout the film. Using archive material interwoven with modern life, documents from many different eras are read as voice-overs by actors, creating a poetic impression of the past and present.

### UMSÆKJANDI: SESSELÍA ÓLAFSDÓTTIR

VERKEFNI - MÓÐIR, KONA, MEYJA

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Móðir, kona, meyja er fræðandi tónlistaruppistand sem fjallar um kvenleika og konur í nútíma og fortíð. Verkið mun á einlægan og húmorískan hátt fjalla um allt frá staðalímyndum, níðvísnum og gervinöglum til #metoo, andlegra áfalla og ofbeldis sem konur hafa orðið fyrir í gegnum tíðina. Rauður þráður verksins verður speglun á sögum skáldkvenna fyrri tíma og kvenna í dag og það sem tengir nútíð og fortíð saman eru ný lög, samin bæði við valin ljóð þessara kvenna og frumsamin ljóð.

### UMSÆKJANDI: SESSELÍA ÓLAFSDÓTTIR

VERKEFNI - LIST GETUR LIST

UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Velkomin á 5 fyrirlestra um list. Hver fyrirlestur er með ólíku sniði, þar sem allt listafólk ið nálgast list á ólíkan hátt. Viðburðirnir fjalla því um ritlist, hljómlist, hreyfilist og tvívíða og þrívíða myndlist. Þegar öllum fyrirlestrunum er lokið verður svo sameiginleg listasýning þar sem allir listamennirnir sýna verk innblásin af fyrirlestrum tímabilsins.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS SES.

VERKEFNI - VARÐVEISLA VERKPĘKKINGAR - BÁTASMÍÐANÁMSKEIÐ  
UPPHÆÐ STYRK 500.000 KR

Bátasmíðanámskeið Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði miða að því að skapa vettvang og tækifæri til að miðla verkþekkingu við bátasmíði og viðgerðir súðbyrtra báta, en handverkið við smíði slíkra báta var samþykkt á heimsminjaskrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf árið 2021. Námskeiðið er einstakt á landsvísu, og með slíkum námskeiðum er unnið að því að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa á Íslandi og að veita fágæta fræðslu um bátasmíði og viðgerðir súðbyrðinga.

### UMSÆKJANDI: STEINUNN ARNBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR

VERKEFNI - TÓLF TÓNA KORTÉRIÐ 2023  
UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

TÓLF TÓNA KORTÉRIÐ er norðlensk tilraunasena í tónlist, sex tónleika röð á Listasafninu á Akureyri. Nýsmíðar og tóntilraunir eru aðal tónleikaraðarinna. Tónlist mætir myndlist, og fólk á öllum aldri og úr öllum áttum hittist: Gott listasafnsfjör á laugardögum!

### UMSÆKJANDI: ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI

VERKEFNI - ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐIN Á SIGLUFIRÐI 5.-9. JÚLÍ 2023  
UPPHÆÐ STYRK 1.100.000 KR

Árlega er haldin þjóðlagahátíð á Siglufirði sem hefur það að markmiði að kynna þjóðlagaaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrotta. Á hátíðinni hefur margskonar tónlist verið kynnt auk þess sem íslensk þjóðlög sitja ætíð í öndvegi. Þjóðlagahátíðin stendur frá miðvikudegi til sunnudags fyrstu heilu vikuna í júlí ár hvert. Auk tónleika er boðið upp á námskeið fyrir börn og fullorðna og þjóðlagaaademía stendur í þrjá daga með fyrirlestrum um íslenskan þjóðlagaaarf og tónlist annarra þjóða.

### UMSÆKJANDI: ÞÓRHILDUR ÖRVARSDÓTTIR

VERKEFNI - ÁLFAR, TRÖLL OG AÐRIR GESTIR  
UPPHÆÐ STYRK 600.000 KR

Álfar og tröll er tónleikadagskrá þar sem Þórhildur Örvars dóttir söngkona og Helga Kvam píanóleikari leita í sagna-arfinn og fléttu saman dagskrá í tali og tónum sem byggist á þjóðtrú okkar Íslendinga með aðstoð góðra gesta. Spuninn verður fræðandi ævintýravefur þar sem ungr sem aldnir fá að njóta frásagna af íslenskum annars heims verum. Dagskráin mun ná til breiðs hóps áheyrenda þar sem dálæti fólks á þjóðsögum er ekki bundin við aldur, kyn eða þjóðerni.

### UMSÆKJANDI: UMSKIPTINGAR EHF.

VERKEFNI - TÖFRABÆKURNAR  
UPPHÆÐ STYRK 1.500.000 KR

Töfrabókin er brúðusýning fyrir börn þar sem Töfrabókin opnast og upp spretta þjóðsögur sem lifna við í gegnum einfaldar brúður. Sögumennirnir tveir opna bókina með töfrum sínum, segja söguna, spila og syngja tónlistina og ljá brúðunum líf og leikræna tilburði.

### UMSÆKJANDI: VILHJÁLMUR BERGMANN BRAGASON

VERKEFNI - MANNANAFNAHEFND  
UPPHÆÐ STYRK 1.000.000 KR

Mannanafnahefnd er ögrandi og óbærilega fyndið nýtt leikverk sem talar beint inn í íslenskan samtíma. Verkið er hugleiðing um slaufunarmenningu, stöðnun og það hvernig þörfir fyrir nýtt blóð kallar beinlínis á að því gamla sé úthellt. Leikhópurinn SingleEnsemble kveður sér hljóðs á frumlegan og flugbeittan hátt með nýju íslensku leikverki úr eigin smiðju. Nær allir leikararnir hafa starfað fyrir LA, en leiða nú saman hesta sína undir þessum formerkjum í fyrsta sinn

# STYRKHAFAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRA 2023

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR



## UMSÆKJANDI: ALÞÝÐUHÚSIÐ Á SIGLUFIRÐI, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - MENNINGARDAGSKRÁ Í ALÞÝÐUHÚSINU  
UPPHÆÐ STYRKS 1.670.000 KR

Alþýðuhúsið á Siglufirði stendur fyrir margþættri menningardagskrá meirihluta árs með sýningum í Kompunni, tónleikum í salnum og fleiri viðburðum. Sunnudagskaffi með skapandi fólk í alrými hússins, listasmiðjum, fjöllistasýningu, fyrilestrum og þremur stórum listahátíðum sem nefnast Leysingar, Frjó og Skafl. Alla jafna eru þrír listviðburðir í mánuði frá apríl til jóla, allt frá eins dags viðburðum til viku langrar listahátíðar.

## UMSÆKJANDI: FÉLAG UM LJÓÐASETUR ÍSLANDS

VERKEFNI - REKSTUR LJÓÐASETURS ÍSLANDS  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Markmiðið með Ljóðasetri Íslands er að kynna íslenska ljóðlist fyrir innlendum sem erlendum gestum með lifandi hætti og gera komandi kynslóðir meðvitaðar um mikilvægi ljóðsins í menningu okkar og sögu. Ljóðasetrið hefur verið starfrækt síðan 2011. Það er opið yfir sumartímann en á öðrum tímum er tekið á móti hópum með fræðslu, ljóðalestri og söng og viðburðir haldnir.

## UMSÆKJANDI: FÉLAG UM ÞJÓÐLAGASETUR BJ.ÞORST

VERKEFNI - REKSTUR ÞJÓÐLAGASETURSINS Á SIGLUFIRÐI  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Þjóðlagasetrið á Siglufirði er í Maððomuhúsi þar sem Bjarni Þorsteinssonar þjóðlagasafnari, prestur og tónskáld bjó fyrstu 10 árin eftir að hann kom til Siglufjarðar. Í setrinu má fræðast um margvísleg afbrigði íslenskra þjóðlaga, svo sem kvæðalög, sálma og druslur, barnagælur og þulur auk almennra þjóðlaga. Þar má einnig sjá forn hljóðfæri á borð við langspil og íslenska fiðlu og sérstök hljóðfæri eru ætluð gestum til að prófa. Starfsmaður seturs syngur einnig þjóðlög fyrir gesti.

**UMSÆKJANDI: FLÓRA MENNINGARHÚS EHF.****VERKEFNI - MENNINGARHÚS Í SIGURHÆÐUM****UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR**

Menningarhús í Sigurhæðum er vettvangur samtals um lífsleiðir, verk og vinnuaðferðir listafólks og frumgneista í samfélagsþróun í nútið og fortið, með frumábúendur staðarins að fyrirmynnd, Guðrúnu Runólfs og Matthías Jochumsson. Gerð eru fersk bókverk og listaverk, og líka innsetningar í heildarsýningu á aðalhæð staðarins, haldnir viðburðir víða um land, vinnustofur starfræktar, menningararfur varðveittur og honum miðlað. Flæði er milli ólíkra listamanna, stofnanna, staða, landssvæða og tíma.

**UMSÆKJANDI: FRÆÐAFÉLAG UM FORYSTUFÉ****VERKEFNI - FRÆÐASETUR UM FORYSTUFÉ****UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR**

Forystufé er einstakur stofn á heimsvísu, hvergi til annars staðar en hér á landi. Hreinræktaðir einstaklingar eru um 1.300 og er stofninn undir þeim mörkum sem kallast í útrýmingarhættu. Forystufé er ein af arfleifð þjóðarinnar og ber okkur að vernda hann. Fræðasetur um forystufé er málsvari forystufjár, þar er safnað saman þeim upplýsingum sem til eru um forystufé, að tilstuðlan þess er unnið að rannsóknum á forystufé og kynningar á því.

**UMSÆKJANDI: HÆLIÐ EHF.****VERKEFNI - REKSTRARSTYRKUR****UPPHÆÐ STYRKS 1.000.00 KR**

HÆLIÐ setur um sögu berklanna er áfangastaður í þróun. Áhrifarík sýning, einstök á heimsvísu, um sjúkdóm sem legið hefur í þagnargildi og lætur engan ósnortin. Nýjasta viðbótin er Svanhildarstofa í minningu móður Ólafs Ragnars Grímssonar. Unnið er að því að tengja setrið betur við skólakerfið og er 6. bekkingu boðið í heimsókn undir yfirkrititíni Sultuplástar. Einnig eru haldin bókavöld, tónleikar, opnar dyr og aðrar uppákomur. Verkefnið snýr að því að markaðssetja HÆLIÐ betur og lengja opnum.

**UMSÆKJANDI: HEIMSENDI - MENNINGARFÉLAG ÓSKARSSTÖÐ****VERKEFNI - ÓSKARBRAGGI STAÐARPRÝÐI****UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR**

Síldarverbúðinni-bragganum Óskarsstöð hefur í gegnum þetta verkefni verið forðað frá þeirri glötun sem nærri lá og gert upp, enn vantar þó lítilræði á að húsið sé frá gengið. Í Óskarsstöð fer fram menningarstarfsemi, listamiðstöð, sem þjónar bæði heimamönnum og heiminum. Hentar öllum sem hafa ástríðu og neista fyrir náttúrunni, lífinu og listinni. Fólk þyrstir í að vita, læra og reyna og hér gefst kostur á því.

**UMSÆKJANDI: KAKTUS, MENNINGARFÉLAG****VERKEFNI - KAKTUS, LISTA OG MENNINGARRÝMI****UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR**

Kaktus er listhópur sem rekur eigið listarými á Akureyri. Tilgangur Kaktuss er að bjóða upp á fjölbreytta menningarstarfsemi úr hinum ýmsu listgreinum og styðja við grasrót lista og menningar á Akureyri. Frá því í apríl 2015 hefur Kaktus staðið að og hýst á fjórða hundrað listviðburða af fjölbreyttum toga. Listamenn víðsvegar af landinu sem og erlendis frá hafa haldið sýningar, tónleika og staðið fyrir margbreyttri listsþöpun undir merkjum Kaktusar og ungir listamenn stigið þar sín fyrstu spor.



## UMSÆKJANDI: LANGANESBYGGÐ

**VERKEFNI - MENNINGARSTARF Í BEITUSKÚRUNUM  
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR**

Röstin gestavinnustofa og Langanesbyggð halda áfram samstarfi sínu við mótnun stefnu á menningarstarfsemi sem fyrirhuguð er í gömlu beituskúrunum á Þórshöfn. Beituskúrarnir eru með elstu byggingum á Þórshöfn og lengi hefur staðið til að gera húsið upp, en verið er að stíga fyrstu skrefin í þá átt. Þetta er stórt liður í nýrri menningarstefnu sveitarfélagsins og mun breyta töluvert ásýnd bæjarins og möguleikum í menningarstarfsemi á svæðinu.

## UMSÆKJANDI: LISTAHÓPURINN RÖSK

**VERKEFNI - LISTAHÓPURINN RÖST  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR**

Sérstaða RÖSK RÝMI og starfsins er sú að rýmið er vel til þess fallið að halda uppi grásrótarstarfi, kynningum, námskeiðum, listasmiðjum og sýningum af öllu tagi. Sýnileiki inn um glugga gerir það að verkum að hægt er að sjá sýningar í RÖSK RÝMI á öllum tímum. Einnig býður vinnaðstaða RÖSK upp á að gestalistamenn, innlendir sem erlendir sem kynni starf sitt. Starfssemin í RÖSK RÝMI er sýnileg og gestir velkomnir þegar listamenn eru að störfum.

## UMSÆKJANDI: MYNDLISTAFÉLAGIÐ

**VERKEFNI - MJÓLKURBÚÐIN  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR**

Myndlistarfélagið er til húsa í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri. Þar stendur félagið fyrir sýningum á verkum félagsmanna og annarra allt árið um kring og tekur þar að auki þátt í öðrum listviðburðum og bæjarhátíðum. Með þessari miklu starfsemi í Listagilinu leggur félagið sitt af mörkum til að efla menningarlegan fjölbreytileika Norðurlands. Félagið er samstarfsvettvangur myndlistarmanna og málsvari þeirra. Félagið hefur á stefnu sinni að efla umræðu og fræðslu um myndlist á svæðinu.

## UMSÆKJANDI: VERKSMIÐJAN Á HJALTEYRI

**VERKEFNI - VIÐBURÐA OG SÝNINGARDAGSKRÁ 2023  
UPPHÆÐ STYRKS 2.500.000 KR**

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými þar sem að listin verður til, og um leið áhugaverður sýningarástaður. Hún gerir listafólk kleift að bæði framleiða og sýna verk í skapandi rými um leið og hún færir aftur líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarástað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman: listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallegt umhverfi.

# UPPBYGGING TIL FRAMTÍÐAR



Komið er nýtt ár, við erum stigin upp úr heimsfaraldi og loksins ætluðum við að koma saman og fagna saman í persónu. En við búum enn á eyju í Atlantshafi þar sem veður og vindar geta sannarlegt sett strik í reikninginn og það gerðist vissulega í ár. Úthlutunaráðið okkar í ár átti að fara fram á Svalbarðsstönd en var snarlega flutt yfir í netheima þegar gul viðvörun var gefin út. En við vildum ekki bíða lengur með að segja frá þeim frábæru verkefnum sem fengu styrk í ár.

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun okkar hér á Norðurlandi, en í sóknaráætlunum landshlutanna felst stefnumótun hvers landshluta til framtíðar.

Þau verkefni sem fá styrk í ár endurspeglar áherslur Sóknaráætlunar Norðurlands eystra sem eru atvinnu- og nýsköpun, menning og umhverfi. Núverandi sóknaráætlun gildir til 2024 svo það styttist í endurskoðun og vona ég að sem flest taka þátt í því með okkur að móta nýja stefnu þegar þar að kemur, en mikilvægt er að sem flestir komi að mótu stefnunnar. Ef þið hafið ekki kynnt ykkur stefnuna nú þegar þá hvet ég ykkur til að gera það inn á heimasíðu SSNE, ssne.is.

Fyrir þau sem ekki þekkja starfsemi SSNE, samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, hvet ég ykkur til að kíkja á heimasíðuna og kynna ykkur starfsemi samtakanna, en auk almennra upplýsinga um starfsemina má fylgjast með því sem efst er á baugi hjá samtökunum hverju sinni, finna upplýsingar um umsóknarfresti í aðra sjóði, og margt fleira gagnlegt, ekki síst fyrir frumkvöðla á hvaða sviði sem er.

Í ár er núnda árið sem við veitum styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Það er virkilega gleðilegt og hvetjandi að fylgjast með öllu þessa öfluga fólk sem er að fá styrki í ár. Það er dýrmætt að vita til þess að sjóðurinn geti aðstoðað einstaklinga við að fylgja verkefnum úr hlaði, landshlutanum og samfélagini öllu til heilla.

Ég vil einnig nýta tækifærið til að þakka sérstaklega úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra, sem og starfsfólk SSNE sem heldur utan um verkefni sjóðsins. Þetta er ekki einfalt starf, en virkilega mikilvægt að vel sé að verki staðið og hafa þau öll staðið sig sérstaklega vel.

Í ár var tekin sú ákvörðun að afhenda ekki styrkþegum afskornar rósið líkt og áður hefur verið gert heldur var sú ákvörðun tekin að styrkja Skógræktarfélag Svalbarðsstrandar til þess að gróðursetja í trjálundi við skólann í Svalbarðsstrandarhreppi. Þar munu vonandi sprotar vaxa upp og verða að skógi, líkt og við vonumst til þess að verkefni þau sem hér fá úthlutað fjármagni í dag muni gera sömuleiðis og styrki þar með atvinnulíf og menningu á Norðurlandi eystra til framtíðar.



LÁRA HALLDÓRA EIRÍKSDÓTTIR,  
*Formaður stjórnar SSNE*

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS EYSTRA

## 2023